

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um stöðu barnungra mæðra gagnvart heilbrigðiskerfinu.

Frá Jódísi Skúladóttur.

1. Fá barnungar mæður sérhæfðan stuðning vegna aukinnar heilsufarslegrar áhættu á meðgöngu og eftir meðgöngu umfram mæður eldri en 18 ára? Ef svo er, er sú þjónusta veitt til jafns eftir búsetu móður?
2. Hvert er ákvörðunarvald ungrar móður þegar kemur að heilsufarslegum ákvörðunum tengdum barni hennar ef barnið þarfnast sérhæfðrar lækniþjónustu, t.d. vegna langvarandi veikinda?

Skriflegt svar óskast.